



Slow Food® Reykjavík

ATHUGASEMDIR SLOW FOOD REYKJAVÍK TIL UMHVERFISSTOFNUNNAR VEGNA UMSÓKNAR ORFS LÍFTÆKNI HF.

Frestur: 3. mars 2021

Reykjavík 2. mars 2021

Slow Food Reykjavík hefur kynnt sér vandlega umsókn Orfs Líftækni hf. bæði í gegnum skjöl sem fengist hafa frá Umhverfisstofnun og þau skjöl sem eru aðgengileg á vef Evrópusambandsins. Félagar í Slow Food Reykjavík eru vel að sér í málum sem varða erfðabreyttar lífverur þar sem flestir voru viðriðnir veitingu fyrstu leyfa í Gunnarsholti.

Forsendur okkar til að senda þessar athugasemdir eru mjög skýrar og við biðjum Umhverfisstofnun að taka þær sterklega til greina þegar lagt verður mat á umsókn ORFs Líftækni hf.:

- Slow Food samtökin um heim allan hafa um langt árabil gagnrýnt harðlega ræktun erfðabreyttra plantna hvort sem það er af líffræðilegum, félagslegum eða siðferðislegum ástæðum
.sjá: <https://www.slowfood.com/what-we-do/themes/gmos/>
- Slow Food Reykjavík nálgast umfjöllun um erfðabreyttar lífverur af yfirvegun. Við leggjum okkur fram við að vera málefnaleg og halda okkur við staðreyndir, jafnt þegar fjallað er um verkefni sem hafa staðbundin áhrif og þau sem hafa áhrif á lífkerfi náttúrunnar í stóru samhengi.
- Slow Food Reykjavík hefur ekki sameindalíffræðinga innan sinna raða og mun því ekki nálgast umsögn sína með því að rýna í þau tæknilegu atriði sem sérfræðingar Orfs Líftækni hafa tekið saman. Kjarninn í okkar umfjöllun liggur annars staðar, nefnilega í almennum viðmiðum um vernd lífríkis og náttúru jarðar, varúðarreglu alþjóðlegs umhverfisréttar, í inntaki samningsins um líffræðilega fjölbreytni og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Slow Food Reykjavík mælir sterklega á móti því að Orf líftækni hf. verði veitt leyfi til ræktunar á erfðabreyttum plöntum utandyra í tilraunaskyni.

Rökstuðningur fyrir afstöðu okkar er byggður á eftirfarandi:

Tilgangur ræktunar utandyra er, skv. umsókninni, sagður vera sá að nauðsynlegt sé að bera saman mismunandi yrki af byggi til að rækta í þeim vaxtaþætti. Ekkert í umsókninni sýnir hins vegar fram á að það sé nauðsyn að þessi rannsókn á byggrykjum fari fram utandyra. Af umsókninni verður ekki ráðið að rannsóknin geti ekki farið fram innanhúss í hátæknigróðurhúsi Orfs, sem hefur reynst þeim afar vel. Með því að framkvæma rannsóknina við slíkar kringumstæður má auka öryggi og koma alveg í veg fyrir óhöpp sem geta orðið vegna slysasleppinga.

Öll ræktun utandyra í Evrópu eru á lóð eða í landi opinbera rannsóknastofna sem eru sjálfar umsækjendur og sem hafa fulla stjórn og eftirlit á ræktun en ekki á landi þriðja aðila eins og í umsókn Orfs Líftækni, en skv. umsókninni þá er gert ráð fyrir að rannsóknin fari fram á landi Landgræðslunnar og með aðstoð Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig eru opinberar stofnanir gerðar samábyrgar þessu einkafyrirtæki með því að lána eða leigja út land, tól og tæki – jafnvel mannskap. Þótt í umsókninni sé fjallað um bygg, eins og um landbúnaðarmál eða landgræðslumál sé að ræða, þá er það villandi þar sem rannsóknin er í þágu líftækniþaðar sem lýtur öðrum lögmálum en landbúnaður. Því þarf Umhverfisstofnun að taka mið af því tjóni sem stofnanirnar, sem ætlast er til að leggja land undir ræktunina, geta orðið fyrir vegna slysasleppinga erfðabreyttra jurta út í náttúruna.

Rannsóknin hefur fengið vilyrði fyrir fjármögnun bæði frá ESB og úr Tæknisjóði en ekki kemur fram í umsókninni hvort Orf sé í formlegu samstarfi við erlenda aðila í verkefninu. Við mat á umsókninni hlýtur að þurfa að skoða hvort svo rífleg fjármögnun nægir ekki til að tryggja að rannsóknin verði framkvæmd við bestu fáanlegu aðstæður, s.s. innandyra í hátæknigróðurhúsi í eigu umsækjanda.

Traust krafist

Fólki er enn í fersku minni að síðustu ræktunartilraunir Orfs Líftækni í landi Landgræðslunnar enduðu með ósköpum. Segja má að þar hafi verið framið skemmdarverk á landi, enda sýndi Orf Líftækni af sér mikið kæruleysi gagnvart framkvæmd verkefnisins, hirðuleysi var algjört, fuglanet rifin, girðingar lágu niðri, svæðið var öllum opið og yfirvöldum reyndist erfitt að hafa uppi á ábyrgðaraðilum verkefnisins. Sú reynsla ætti að hafa kennt okkur að það þarf meira eftirlit með rannsókninni nú, en lýst er í umsókninni. Með slíkri kröfu myndi Umhverfisstofnun leggja sitt af mörkum til að endurvekja traust almennings í garð Orfs Líftækni. Slíkt traust yrði best endurvakið með því að gerð væri krafa um að þessar erfðabreyttu plöntur verði ræktaðar inni í hátæknigróðurhúsi, undir ströngu og stöðugu eftirliti starfsfólks einkafyrirtækisins. Umhverfisstofnun er varla stætt á því að framselja slíka ábyrgð í hendur opinberra aðila sem hafa allt öðru hlutverki að gegna – meðal annars að varðveita óspillta náttúru og hlúa að landinu.

Ef Umhverfisstofnun myndi heimila að ræktun þessi fari fram utandyra hlýtur að þurfa að gera kröfu um að Orf Líftækni leggi fram sönnun þess að eitthvert tryggingarfélag sé tilbúið að selja fyrirtækinu ásættanlega tryggingu gegn tjóni því sem hlýst af dreifingu erfðabreyttra planta út í náttúruna.

Tilraunir eða framleiðsla? Í kynningu verkefnisins á netinu kemur eftirfarandi fram: „*With innovations in our technology we will produce affordable, endotoxin-free growth factors designed specifically for CCM: the MESOkine line (patent to be filed in June 2020). This will be done by scaling cultivation from our 2000m² state-of-the-art geothermally powered greenhouse in Iceland to in-field cultivation sites*” - Sjá nánar hér: <https://sme.easme-web.eu/?p=101010029#>

Þessi orð er ekki hægt að túlka öðruvísi en „ræktun utandyra“ sem er í dag almennt háð mjög ströngum skilyrðum innan ESB og óþekkt þegar talað er um „pharmaGMO“, sérstaklega þegar um er að ræða „Human Growth Factors“ í DNA plöntunnar. Er hægt að leggja trúnað á orð og gerðir Orfs þegar sótt er einungis um „field trial“ með það fyrir stafni að framleiða utandyra? Þar að auki vekur það spurningar þegar stærð lands undir þessar tilraunir er í upphafi 2 hektara og mun stækka með tímanum eins og kemur fram í umsókninni:

III. Upplýsingar um sleppingarstað (á aðeins við um umsóknir samkvæmt 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 728/2011).

A. Staðsetning og stærð sleppingarstaða(r).

Ræktunin fer fram á landi Landgræðslu Ríkisins í Gunnarsholt á Rangárvöllum. Ræktunarreitir verða ákveðnir í samráði við staðarhaldara. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið verði allt að 13 mismunandi erfðabreyttum yrkjum sáð út í litlu magni eða allt að 2 kg útsæði/yrki. Heildarræktunarsvæði verður því minna en 2.000 m². Ef vel tekst til gæti ræktunin aukist með árum.

Það verður þá einsdæmi í Evrópu að „field trial“ hafi svo stórt umfang einungis til að rannsaka erfðabreytt byggyrki. Við höfum haft rökstuddan grunn um að framleiðsla hefur átt sér stað utandyra þvert á allar reglur og lög gildandi í ESB og á Íslandi, í árdaga fyrirtækisins. **Auk þess verður að taka fram að þegar kemur að ræktun utandyra til að framleiða og markaðssetja, eru leyfi ekki veitt í því landi sem á í hlut, heldur hjá framkvæmdastjórn ESB. Það er svo augljós af fyrri yfirlýsingum í Brussel, að slíkt leyfi verður ekki veitt þegar „pharmaGMO“ á í hlut.**

Tilraunaræktun utandyra er **háð leyfi um alla Evrópu** eins og kemur vel fram í tilskipunum og reglugerðum ESB, en hún er nánast horfin undanfarin ár.

Einungis **5 leyfi voru veitt 2020** og **11 árið 2019**, þar af 4 í Bretlandi sem er eins og kunnugt er, ekki lengur í ESB. Ef þessi leyfi eru skoðuð, eru þau í grunni afar frábrugðin umsókninni frá Orf. Um er að ræða 2 leyfi í Svíþjóð (trémassi í ösp, sem þarf nokkur ár til að vaxa, og fyrir kartöflur - sem hefur verið keyrt í nokkur ár núna), á Spáni (tóbak) og í Belgíu (maísyрки). En **allar þessar ræktunartilraunir utandyra eru á vegum rannsóknastofa innan háskóla eða opinbera stofnanna**. Ekki í þágu einkafyrirtækja sem ætla að framleiða eða gera tilraunir til að framleiða utan dyra. Það mælir að sjálfsögðu ekkert á móti því að Ísland sé frumkvöðull í þeim efnum, en það er hæpið að það teljist

Íslandi til tekna þegar landið leggur svo gríðarlega mikla áherslu á hreinleika og óspillta náttúru – og þegar leyfisveitingin er í höndum Umhverfisstofnunar, sem stæði þá í algjörri mótsögn við eigin markmið.

Niðurstöður

Í ljósi þess alls, fer Slow Food Reykjavík (kt. 541218 0330) fram á að Orf Líftækni hf. sé ekki veitt leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi eins og lýst er í umsókn þeirra.

Reykjavík 2. mars 2021

Stjórn Slow food Reykjavík

Dóra Svavarsdóttir
Dominique Plédel Jónsson
Gunnþórunn Einarsdóttir
Sveinn Kjartansson
Svavar Halldórsson
Ólafur R. Dýrmundsson
Cornel G. Popa